

From: Ingunn Jónsdóttir
Sent: Fri, 5 Dec 2025 15:35:09 +0000
To: sass@sass.is
Cc: Ingunn Jónsdóttir
Subject: Erindi til aðildarsveitarfélaga SASS eftir fund stjórnar 5. desember
Attachments: Erindi til stjórnar SASS.pdf, Minnisblað 8.10.2025.pdf, Aðalfundargerð SOS 2025.pdf, Tillaga stjórnar til fundar 24.10.2025 m. greinargerð.pdf, Samingur SASS og SOS 2025 - Undirritaður.pdf, Kostnaðargreining.pdf, Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun.pdf, Starfslýsing og hæfnikröfur starfsmanns - pdf.pdf, 631. fundargerð SASS_051225_undirrituð.pdf

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er fundargerð stjórnar SASS frá því fyrr í dag.

Vakin er sérstök athygli á **dagskrárlið nr. 4. á fundinum** þar sem tekið er fyrir erindi stjórnar SOS til SASS vegna breytinga á umgjörð og rekstri SOS sem þarfnast aðkomu SASS. Á fundinum samþykkti stjórn SASS aðkomu SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga SASS. Jafnframt var samþykkt að senda málið til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga SASS til samþykktar og gert ráð fyrir að afgreiðsla þeirra vegna málsins liggi þannig fyrir á fyrirhuguðum aukaaðalfundi SOS sem haldinn verði eigi síðar en 12. janúar 2025.

Í ljósi framangreinds er þess óskað að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga SASS taki þennan lið sérstaklega fyrir á næsta fundi sínum til samþykktar. Meðfylgjandi fundargerðinni eru þau gögn sem lágu fyrir fundi stjórnar vegna málsins.

Til samræmingar er aðildarsveitarfélögum SASS send eftirfarandi tillaga að bókun vegna fyrirtöku málsins:

Tekinn er sérstaklega fyrir liður 4. í fundargerð stjórnar Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) frá 5. desember 2025 vegna breytinga á umgjörð og rekstri SOS sem þarfnast aðkomu SASS.

Lagt er til að sveitarstjórn samþykki fyrir sitt leyti aðkomu SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög.

Tillagan er samþykkt með **X** atkvæðum. **X** sitja hjá. **X** greiða atkvæði á móti.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa póst.

Með vinsemd,

Ingunn



Ingunn Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri
e. CEO

gsm 695 0420
sími 480 8200

SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

e. Association of Municipalities in South Iceland
Austurvegi 56 Selfossi
800 Selfossi